

að greiða stefnanda kr. 5.694.24, ásamt 6% ársvöxtum, er eftir atvikum þykir rétt að reikna frá 1. janúar 1954 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 950.00 í málskostnað.

**Dómsorð:**

Stefndi, Ársæll Sveinsson, greiði stefnandanum, Baldri Ólafssyni, kr. 5.694.24, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 138/1956. **Póst- og símamálastjórnin**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Jónasi Tr. Gunnarssyni**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Ágreiningur um launakjör opinbers starfsmanns.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Viðurkennt er, að áfrýjandi skuldi stefnda fjárhæð, ef dómkrafa stefnda í þessum hluta málsins verður tekin til greina.

Telja verður, að með bréfi áfrýjanda frá 8. desember 1850 hafi stefndi verið skipaður í starf samkvæmt þágild-

andi lögum um laun starfsmanna ríkisins nr. 60/1945, sbr. 8. tl. 21. gr. þeirra laga, og fór um föst laun fyrir það starf eftir XII. flokki laganna. Af því leiðir, að auk nefndra laga giltu um starfsréttindi stefnda reglur um starfrækslu og starfsmenn Landssímans, sbr. 1. gr. þeirra reglna frá 27. febrúar 1955, og urðu þau starfskjör, sem þannig voru ákveðin, ekki skert með sérstökum samningi. Stefndi átti því rétt til að njóta þeirra kjara um sérstakar uppbætur fyrir varðstörf, sem greind eru í c-lið 19. gr. reglugerðar um sama efni nr. 136/1945, enda hefur hann ekki með tómlæti glatað rétti til að krefja áfrýjanda um slíkar greiðslur, þar sem um starfskjör hans gilda ákvæði opinbers réttar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 3000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Póst- og símamálastjórnin, greiði stefnda, Jónasi Tr. Gunnarssyni, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Jónas Tr. Gunnarsson, starfsmaður við Loranstöðina í Vík í Mýrdal, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 19. nóvember 1954, gegn póst- og símamálastjóra f. h. póst- og símamálastjórnarinnar til greiðslu á vangoldnum launum að fjárhæð kr. 39.676.20 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru, 13. október 1954, til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Eftir ósk lögmannna aðilja og með samþykki dómarans var málnu skipt, og hefur það nú verið flutt eingöngu um greiðsluskyldu stefnda.

Hefur stefnandi krafizt þess í þessum þætti málsins, að stefndi verði dæmdur skyldur til að greiða stefnanda laun samkvæmt XII. flokki laga um laun starfsmanna ríkisins nr. 60 frá 1945 að

viðbættu álagi fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu samkvæmt starfsmannareglum Landssímans um „vaktafólk“ fyrir tímabilið frá 1. janúar 1951 til 31. desember 1953. Þá krafðist hann málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. janúar 1951 var stefnandi ráðinn til starfa við Loranstöðina á Reynisfjalli sem aðstoðarmaður. Var starf hans fólgið í „tímavörzlu“ og öðrum störfum við stöðina, er honum kynni að verða falin. Stefnandi hafði áður verið starfsmaður við sömu störf við Loranstöðina frá 1. janúar 1947 í þágu Flugráðs Íslands, er þá hafði á hendi rekstur stöðvarinnar. Stefndi tók við rekstrinum um áramótin 1950 og 1951, og var stefnandi því framráðinn af stefnda.

Stefnandi fékk ráðningarbréf hjá stefnda, dagsett 18. desember 1950. Í ráðningarbréfinu segir, að staða stefnanda svari til XII. launaflokks launalaganna, en með tilliti til þess, að vinnutími stefnanda á Loranstöðinni verði 6 stundir á viku umfram venjulegan vinnutíma við vaktavinnu, verði laun hans kr. 21.600.00 á ári, að viðbættri grunnlauna- og vísitöluuppbót, en þessi laun voru jafnhá hámarkslaunum XI. flokks launalaga. Ennfremur segir í ráðningarbréfinu, að lífeyrissjóðsgjald reiknist af hámarkslaunum XII. launaflokks. Þá segir og í ráðningarbréfinu, að með tilliti til sumar- og vetrarleyfa, veikindaforfalla o. þ. l. teljist þjónustualdur stefnanda frá 1. janúar 1947. Einnig er í ráðningarbréfinu ákvæði þess efnis, að stefnanda beri í starfi sínu að hegða sér eftir lögum þeim, auglýsingum og öðrum fyrirskipunum um símamál, sem út hafi verið gefnar eða síðar verði settar viðvíkjandi stöðu þessari, og í einu sem öllu að hegða sér eins og skylduræknium opinberum starfsmönnum hlýðir og sémir. Stefnandi fékk síðan greidd laun samkvæmt ráðningarbréfinu til 1. janúar 1954. Með bréfi, dagsettu 30. apríl 1954, til stefnanda var honum tjáð, að sú breyting yrði á launakjörum hans, að frá og með 1. janúar 1954 fengi hann greidd laun, sem þá voru hámarkslaun XII. flokks launalaga, og fékk stefnandi þá einnig frá sama tíma álag fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu samkvæmt starfsmannareglum Landssímans.

Stefnandi kvað sig og féлага sína, er höfðu unnið við Loranstöðina, áður en stefndi tók við rekstri stöðvarinnar, hafa tekið við launum sínum samkvæmt ráðningarbréfinu athugasemdar-

laust, þar til í febrúar 1953, þar sem hann hafi treyzt stefnda til að greiða þau laun, er honum bar. En í febrúar 1953 hafi þeir félagarnir fengið starfsmannareglur Landssímans í hendur, er þá komu út, eftir að hafa verið ófáanlegar um nokkurn tíma. Hafi honum og félögum hans þá fyrst orðið ljóst, að þeir höfðu ekki fengið þau laun, er þeim bar samkvæmt 19. gr. starfsmannareglanna. Hafi þá tveim starfsmannanna verið falið að fara til Reykjavíkur til viðuræðna við formann Félags íslenskra símannanna, í þeim tilgangi að fá leiðréttingu á launakjörum þeirra svo og að fá viðtal við fyrirsvarsmenn stefnda í sama tilgangi. Þessar tilraunir kvað stefnandi ekki hafa borið árangur, en eftir frekari tilraunir af þeirra hálfu, svo og Félags íslenskra símannanna, hafi þeir fengið leiðréttingu og fengið laun, sem þeim bar, frá og með 1. janúar 1954.

Byggir stefnandi kröfu sína á því, að honum hafi borið laun samkvæmt XII. flokki launalaga, svo sem hann hafi verið ráðinn samkvæmt, að viðbættu álagi fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu samkvæmt starfsmannareglum frá þeim tíma, er hann gekk í þjónustu stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi verið ráðinn samkvæmt XII. flokki launalaga, en fengið aukabóknun fyrir það, að vinnutími hans var 6 stundir á viku umfram venjulegan vinnutíma í vaktavinnu. Hafi þessi auka-bóknun numið það hárrí fjárhæð, að launin hafi numið í heild sömu fjárhæð og hámarkslaun XI. flokks launalaga, en það hafi ekki verið neitt miðað við þann launaflokk, heldur hafi hann, eins og áður segir, verið ráðinn til að taka laun samkvæmt XII. flokki, að viðbættri aukabóknun. Stefndi byggir ennfremur sýknukröfunna á því, að stefnandi hafi samþykkt ráðningarkjörin samkvæmt ráðningarbréfinu, með því að taka við launum sínum án fyrirvara og athugasemda allan tímann til ársins 1953. Er stefndi hafi gert breytingu á launakjörum stefnanda árið 1954, hafi verið skýrt tekið fram, að sú breyting tæki aðeins gildi frá 1. janúar 1954 og hafi stefnandi tekið við þeirri breytingu athugasemda- og fyrirvaralaust. Krefst stefndi þess og, að embættisaldur stefnanda verið aðeins reiknaður frá 1. janúar 1951, er hann hóf starf sitt hjá Landssímanum.

Vitnin Guðmundur Sig. Jónsson og Geir Einarsson, er störfuðu við Loranstöðina, hafa borið fyrir rétti á sama hátt og stefnandi, að því er varðar ráðningu og aðgerðir þeirra starfsmann-

anna, eftir að þeir fengu í hendur starfsmannareglur Landssímans í febrúar 1953.

Vitnin Ari Þorgilsson og Guðmundur Jóhannesson, er einnig störfuðu við Loranstöðina, hafa og borið fyrir dómi á sama veg og framangreind vitni. Vitnin kváðust hafa farið til Reykjavíkur fyrir hönd tímavarðanna til að fá leiðréttingu á kjörum þeirra. Hafi þau átt tal við formann starfsmannafélags símamanna um mál þetta, en ekki hafa fengið viðtal við forráðamenn stefnda. Hafi félagið lofað að taka að sér málið og einnig hafi þeir félagarnir gert frekari tilraunir til að reka á eftir afgreiðslu málsins. Árangur hafi hins vegar ekki fengizt, fyrr en í apríl 1954, og þá hafi leiðrétting fengizt frá 1. janúar s. á. að telja.

Vitnið Andrés Þormar, fyrrverandi formaður Félags íslenzkra símamanna, kvað tímaverði við Loranstöðina hafa átt tal við það sem formann símamannafélagsins um leiðréttingu á launakjörum þeirra, að því er varðaði svonefndar álagsgreiðslur. Kvaðst vitnið hafa álitnið kröfur tímavarðanna réttmætar og því lofað, að félagið tæki málið í sínar hendur. Kvaðst vitnið oft hafa átt tal við forráðamenn stefnda um málið, en árangur af því hafi ekki orðið fyrr en í apríl 1954.

Vitnið Jón Kárasón, núverandi formaður Félags símamanna, hefur borið á sama hátt og síðast nefnt vitni, að svo miklu leyti sem það annaðist um að fá leiðréttingu á launakjörum starfsmanna Loranstöðvarinnar, eftir að það gerðist formaður starfsmannafélagsins.

Eins og fram kemur hér að framan, hóf stefnandi störf hjá stefnda í ársbyrjun 1951. Var hann þá framráðinn af stefnda við sömu störf og hann hafði haft á hendi hjá flugmálastjórninni fjögur undanfarin ár. Var stefnandi þá ráðinn af stefnda til að taka laun samkvæmt XII. flokki launalaga starfsmanna ríkisins. Samkvæmt ráðningarbréfinu skyldi lífeyrissjóðsgjald reiknast af hámarkslaunum XII. flokks og sumar- og vetrarleyfi, veikindaforföll o.þ.u.l., eins og segir í ráðningarbréfinu, miðast við þjónustualdur frá 1. janúar 1947, er stefnandi hóf störf við stöðina hjá Flugráði. Með tilliti til þessa, annarra ákvæða ráðningarbréfsins og þess, að stefnandi hafði í fjögur ár unnið hjá hinu opinbera, þykir verða að telja, að þjónustualdur hans hjá stefnda hafi átt að reiknast frá 1. janúar 1947, enda var aðeins um að ræða breytingu á rekstrarstjórn af hálfu íslenzka

ríkisins, er stefndi tók við rekstri stöðvarinnar um áramótin 1950—1951.

Er stefnandi gerðist starfsmaður stefnda, varð hann aðili að starfsmannareglum Landssímans og átti hann því rétt á því, að um kjör hans væri farið eftir þeim reglum. Verður í þessu sambandi ekki fallizt á þá sýknuástæðu stefnda, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til frekari launa en hann hefur þegar fengið, með því að taka við kaupgreiðslum án fyrirvara. Þykir mega beita 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 1938 um þetta atriði per analogiam. Þá grein þykir bera að skýra þannig, að enda þótt starfsmaður hafi kvittað fyrirvaralaust fyrir lægri launum en honum bar samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags síns, þá eigi hann samt rétt til að fá mismuninn greiddan úr hendi atvinnurekanda eftir á.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, ber að taka kröfu stefnanda í þessum þætti málsins til greina. Þá ber stefnda og eftir þessum úrslitum að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefnda, Póst- og símamálastjórn, er skylt að greiða stefnanda, Jónasi Tr. Gunnarssyni, laun fyrir tímabilið 1. janúar 1951 til 31. desember 1953 samkvæmt XII. flokki laga um laun starfsmanna ríkisins nr. 60 frá 1945, að viðbættu álagi fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu samkvæmt starfsmannareglum Landssímans um „vaktafólk“.

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.